

Stórfengleg hátíðahöld sjómanna

Virðulegasta og mesta skrúðganga sem hjer hefir sjest

Skrúðganga sjómanna um götur Reykjavíkur á sjómannadaginn, 2. í hvítasunnu, var sú virðulegasta sem hjer hefir sjest. Mannfjöldinn á Skólavörðuholti, umhverfis Leifsstyttuna, var svo mikill, að eigi verður giskað á með neinum líkum hve margt manna var þar, meðan ræður voru þar fluttar. Hafa sumir nefnt 6 þúsund, aðrir 10 þúsund. En öll fóru hátíðahöld sjómanna fram með mikilli þátttöku frá bæjarbúum, og voru yfirleitt hin ánægjulegustu.

Hinn fyrsti sjómannadagur rann upp yfir Reykjavík hjartur, en kaldur. Var norðangola allsnörp framan af degi, og mátti búast við misjöfnu hátíðarveðri. Snemma dags voru fánar við hún um allan bæinn, og öll skip, sem í höfninni voru, voru með skrautfánablæjur upp.

Pállur hafði verið gerður framman við Leifsstyttuna, á Skólavörðuhæð, og fánablæjur settar upp í stórum heiðursboga framan við styttuna. Ræðustóll var reistur þar fyrir miðju, en tveim gjallarhornum á háum trönnum komið fyrir útar frá, sitt til hvorrar handar.

Við Stýrimannaskólann.

Klukkan 12½ fór mannfjöldi mikill að streyma að Stýrimannaskólanum. Er klukkan var orðin eitt var kominn mikill mannsöfnunur á Öldugötuna, alt austur að Ægisgötu.

Merkisberar sjómannafjelaga komu nú hver af öðrum út úr Stýrimannaskólanum og röðuðu sjer á götuna með víðeigandi millibilum, svo fjelagsmenn í hverju fjelagi hefðu rúm til að raða sjer á eftir sínum fánum. Var fjelögnum raðað eftir aldri. Gekk það furðu greiðlega, að hver maður fyndi sitt rúm, og menn skipuðu sjer saman fjórir og fjórir. Hvergi var út af brugðið þeirri reglu, eins og best sýndi sig er skrúðgangan hófst.

Meðan verið var að undirbúa skrúðgönguna var stiningsgola af norðri og kuldahryssingur. Áttu merkisberar erfitt með að hemja fánana, sakir hvassviðris. En það bætti úr skák, að þar voru traustar hendur sem hjeldu.

Er þátttakendur höfðu fylkt líði sínu og hvert fjelag undir sitt merki, kom Lúðrasveit Reykjavíkur og tók sjer stöðu á Ægisgötu umni í fararbroddi.

Skrúðgangan.

Klukkan 1½ lagði skrúðgangan af stað upp Ægisgötu um Túngötu, Aðalstræti, Austurstræti, Bankastræti, Skólavörðustíg upp að Leifsstyttu.

Fjöldi áhorfenda hafði safnast saman á Öldugötu og Ægisgötu og um allar götur, þar sem skrúðgangan fór um. Allir dáðust að hinni svipmiklu hópöngu. Aldrei hafa Reykvíkingar haft jafn gott tækifæri til þess að sjá hvílikur gerfileiki einkennir hina

íslensku sjómannastjett. Hið formfasta skipulag skrúðgöngunnar gaf henni líka sjerstaklega höfðinglegan svip.

Fyrst gekk „Skipstjórufjelagið Aldan“. Þar gat að líta margan aldraðan sjómann, menn, sem í áratugi voru hjer skipstjórar á „skútuöldinni“. Keikir voru þeir í framgöngu gömlu mennirnir, eins og víkingum sæmir sem dregið hafa skip sín í naust.

Þá gekk skipstjóra- og stýrimannafjelagið Ægir, þá stýrimannafjelagið Kári. En því næst kom fylking 12 sjóliða frá belgiska skólaskipinu Mercator með foringja sínum. Hafði hinum belgisku sjómönnum verið boðið að taka þátt í þessum hátíðahöldum.

Næst gekk Vjelstjórufjelagið,

þá Sjómannafjelag Reykjavíkur, þá Fjelag ísl. loftskeytamanna, þá Sjómannafjelag Hafnarfjarðar, þá Matsveina- og veitingaþjónafjelagið og loks Skipstjóra- og stýrimannafjelag Reykjavíkur.

Öll höfðu þessi fjelög merki sín í fararbroddi, og eru sum þeirra bæði skrautleg og haglega gerð. En auk þess voru margir íslenskir fánar í skrúðgöngunni, er prýddu mjög hina vasklegu fylkingu. Ekki voru þátttakendur taldir í skrúðgöngunni, en giskað hefir verið á, að þar hafi verið um 2000 manns.



Við Leifsstyttuna á Sjómannadaginn. Aðeins lítill hluti af mannfjöldanum sjest.

Við Leifsstyttuna.

Er skrúðgangan kom upp að Leifsstyttu var þar mikill mannfjöldi fyrir. En ennþá fleiri bættust þó við. Því allir, sem verið höfðu áhorfendur vestur á Öldugötu fóru þangað, allir sem sáu hópönguna á ferð sinni um götur bæjarins sömuleiðis. Það var sem allur mannsöfnunur úr bænum stefndi nú á þenna eina stað, svo göturnar urðu mannlansar að kalla á eftir.

Skrúðgangan var komin upp að styttunni góðri stund fyrir kl. 2. Merkisberar fjelaganna tóku sjer stöðu í röðum sitt hvorum megin við styttuna, svo og þeir sem báru íslensku fánana, svo af þessu öllu varð mikil fánafylking og glampaði á fánana í sólskininu hátt yfir mannfjöldann.

Forstöðumenn skrúðgöngunnar höfðu lagt svo fyrir, að sjeð var fyrir því, að engin þröng myndast er skrúðgangan kom upp að styttunni. Þátttakendur í skrúðgöngunni skipuðu sjer, er þangað kom í reglulegar raðir, og fór það alt svo skipulega fram, að hvergi bar út af.

Svo heppilega vildi til, að norðanstorminn hafði nú lægt, og var logn á Skólavörðuhæðinni meðan á hátíðahöldunum stóð þar.

Minningarathöfn.

Klukkan 2 var tilkynt í gjallarhornin, hvernig tilhögunin yrði þarna á hátíðarsvæðinu, að hátíðarhöldin skyldu hefjast með því, að mannfjöldinn mintist látinna sjómanna með einnar mínútu þögn.

Skúli Guðmundsson atvinnumála ráðherra steig nú í ræðustólinn.

Skýrði hann svo frá, að suður í Fossvogskirkjugarði væri leiði óþekts sjómanns. Einmitt í þenna mund væri blómsveigur lagður á leiði hans. Bað hann mannfjöldann að votta aðstandendum hinna fölluðunna hetja sjávarins hina fylstu samúð sína, um leið og þeirra væri minst með lotningu.

Nú var gefið merki á trumbu, sem heyrðist út yfir mannfjöldann, fánarnir allir feldir, svo þeir drupu niður hlið við hlið, en viðstaddir

karlmenn tóku ofan, og hin mikla mannhyrping stóð þannig þögul og hreyfingarlaus hina tilteknu stund.

Þessi stutta og látlaua athöfn í birtu júnísolárinnar, var svipmikil og hrifandi.

Síðan var aftur gefið merki, og hóf Söngsveit sjómanna lagið: „Þrútið var loft“. Var vel til fallið að velja þetta kvæði til söngs, kvæðið um þjóðhetjuna, hetju framfaranna, fyrirrennara hins nýja Íslands, þegar minst var þeirra manna, er látið hafa líf sitt í baráttunni fyrir bættum högum þjóðar vorrar.

Gröf óþekta sjómannsins.

Á leiði einu í Fossvogskirkjugarði er trjekross, sem á er lefrad: „Óþekti sjómaðurinn 1933“. Forstöðumefnd Sjómannadagsins heiðraði minningu þessa óþekta sjómanns með því að leggja blómsveig á leiðið og gerði það ungstúlka.

Leiði þetta er þannig tilkomið, að nokkru eftir að „Skúli fógeti“ fórst 10. apríl 1933 rak lík, sem ekki þektist og var það jarðsung-ið af síra Árna Sigurðssyni 27. maí sama ár.

Ræða sú, sem sr. Árni flutti við þetta tækifæri, var sjerprentuð og gefin út af Sjómannafjelagi Rvíkur.

Í ræðunni kemur fyrst fram hugmyndin um að heiðra minningu látinna sjómanna, í líkingu við það er aðrar þjóðir heiðra minningu „óþekta hermanna“.

FRAMH. Á SJÖTTU Síðu.

Ísafirli í gær.

Sjómannahátíðin sem haldin var hjer á 2. hvítasunnudag hófst með guðsþjónustu.

Kl. 3 var haldin almenn skemtun. Þar fluttu þeir ræður Eiríkur Einarsson og Arngrímur Fr. Bjarnason. Söngkór sjómanna söng 8 lög. Aðsókn var ágæt.

Lgóði dagsins rennur til sundlaugarbyggingar í bænum.

Íslandsmótið: Víkingur sigrar K. R. 1:0

FYRSTI kappleikur Íslandsmótsins fór fram í gærkvöldi og lauk með því, að Víkingur sigraði K. R. með 1 marki gegn 0.

Veður var óhagstætt til knattspyrnukeppi í gærkvöldi, norðan hvassviðri. Hlutkesti fór þannig, að K. R. átti móti vindi að sækja í fyrri hálfleik. Áhorfendur veittu því strax athygli, að Víkingar voru óvenju fastir fyrir og samleikur betri en sjest hefir hjá þeim í mörg ár, og samnaði þann orðróm, sem gengið hefir meðal knattspyrnumanna, að Víkingur hefði æft óvenju vel og vænta mætti einhvers af þeim.

En festa og öryggi K. R.-inga framan af leik benti ekki til þeirra úrslita, sem urðu, þó leikur þeirra færi hinsvegar alveg í mola í seinni hálfleik.

Fyrstu 10 mínúturnar gerðist ekkert markvert, en er á 11. mínútu leið gera K. R.-ingar hættulegt upphlaup. Þorsteinn Einarsson fær knöttinn svo að segja fyrir opið mark, en hittir utan við markið. Fjórðum mínútum seinna fær Þorsteinn aftur ágætt tækifæri, en það fer á sömu leið.

Líða nú 20 mínútur án þess að neitt hættulegt upphlaup sje gert. En er 30 mínútur eru af leik, leikur Björgvin Schram með knöttinn frá miðlinu og alveg upp að marki Víkings vinstra megin á vallarhelming, en Gísli eyðilagði það upphlaup með því að hlaupa upp með Björgvin og verða rangstæður.

Skömmu seinna fá Víkingar gott færi og Haukur Óskars skorar mark.

Harðnaði nú leikurinn að mun, en vörn Víkings er sjerstaklega góð og þer mest á Gunnari Hannessyni. Hjörtur Haflíða er einnig traustur. Nú kemur fyrir atvik, sem virðist í fyrstu ætla að breyta

FRAMH. Á SJÖUNDU Síðu.